

Doktorsvarnir 2008 KH'I

Doktorsvarnir 2008 frá Kennaraháskóla Íslands

Þrjár doktorsvarnir við Kennaraháskóla Íslands árið 2008

Dagana 7., 8. og 9. maí 2008 fóru fram fyrstu og einu doktorsvarnir við Kennaraháskóla Íslands þar sem skólinn sameinaðist Háskóla Íslands 1. júlí sama ár. Doktorsefnin voru Sigurður Pálsson cand.theol, Guðrún Geirsdóttir lektor við Háskóla Íslands og Rúnar Sigþórsson dósent við Háskólann á Akureyri.

7. maí kl. 14:00

Doktorsvörn Sigurðar Pálssonar

Miðvikudaginn 7. maí varði Sigurður Pálsson doktorsritgerð sína í sögu trúarbragðamenntunar: **Kirkja og skóli á 20. öld. Staða og þróun kennslu í kristnum fræðum og trúarbragðafræðum á Íslandi með samanburði við Danmörku, Noreg og Svíþjóð.** Í ritgerðinni er rakin hlutdeild kirkjunnar að skólasterfi á öldinni sem leið og þróun kristindóms- og trúarbragðafræðslu í skyldunámsskólum. Þeir þættir sem rannsóknin beindist einkum að eru hugmyndafræðilegur grundvöllur skólasterfs, hlutur kirkjunnar í stjórn skólans, staða og þróun kristindóms- og trúarbragðafræðslunnar og tengsl hennar við skírnarfræðslu kirkjunnar. Fjallað er um möguleika foreldra til að fá undanþágur fyrir börn sín frá þátttöku í fræðslunni og greind helstu átakaefni sem upp komu á ólíkum tímum. Niðurstöður eru bornar saman við þróunina í Danmörku, Noregi og Svíþjóð og sérstaða Íslands dregin fram.

Leiðbeinandi var dr. Loftur Guttormsson prófessor við Kennaraháskóla Íslands. Í doktorsnefnd sátu auk hans Helgi Skúli Kjartansson prófessor við Kennaraháskóla Íslands og dr. Hjalti Hugason prófessor við Háskóla Íslands. Andmælendur við vörnina voru dr. Ingólfur Á. Jóhannesson prófessor við Háskólann á Akureyri og dr. Pétur Pétursson prófessor við Háskóla Íslands.

Sigurður Pálsson er fæddur 19. september 1936 í Reykjavík. Hann lauk kennaraprófi og söngkennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1957, B.A.-prófi í guðfræði og uppeldisfræði frá Háskóla Íslands 1978 og cand.theol.-prófi frá sama skóla 1986.

Sigurður kenndi við barnaskóla í Reykjavík í rúman áratug. Hann var skrifstofustjóri hjá Ríkisútgáfu námsbóka 1969–1977 og námstjóri í kristnum fræðum og trúarbragðafræðum við menntamálaráðuneytið 1977–1984. Þá tók hann við starfi sviðsstjóra námsefnissviðs Námsgagnastofnunar. Hann var framkvæmdastjóri Hins íslenska biblíufélags 1990–1997 og sóknarprestur við Hallgrímskirkju 1997–2006. Jafnhliða öðrum störfum hefur Sigurður verið stundakennari við bæði Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Sigurður hefur ritað bækur og greinar um trúaruppeldi og kristindóms- og trúarbragðafræðslu í skólakerfinu og er einnig höfundur námsefnis í kristnum fræðum fyrir grunnskóla.

8. maí kl. 14:00

Doktorsvörn Guðrúnar Geirsdóttur

Fimmtudaginn 8. maí varði Guðrún Geirsdóttir doktorsritgerð sína í menntunarfræði: **'We are caught up in our own world': Conceptions of curriculum within three different disciplines at the University of Iceland.** Rannsóknin fór fram við Háskóla Íslands 2002–2007 og var megintilgangur hennar að skoða hugmyndir háskólakennara um námskrárgerð svo og frelsi og svigrúm kennara til að taka ákvarðanir um nám og kennslu. Niðurstöður benda til þess að innan háskólagreina sé að finna sérstaka staðbundna námskrá sem verður til þegar 'alþjóðlegar' háskólagreinar eru aðlagðar ákveðnum félagsmenningarlegum aðstæðum. Háskólakennarar gegna mikilvægu hlutverki við þá aðlögun og er námskráin að verulegu leyti mótuð af hugmyndum þeirra frá eigin háskólatíð og kennslureynslu. Stofnanalegir samskiptahættir svo og saga greinarinnar eru einnig áhrifavaldar. Innan námskrár takast á ólík sjónarmið um markmið greina, æskilega eiginleika nemenda svo og samstarf kennara í námskrárgerð. Þá leiddi rannsóknin í ljós að ólík einkenni háskólagreina skapa kennurum ólíkt svigrúm og áhrifavald til námskrárgerðar.

Leiðbeinendur við rannsóknina voru dr. Ingvar Sigurgeirsson prófessor og dr. Allyson Macdonald prófessor, bæði við Kennaraháskóla Íslands. Auk þeirra átti sæti í doktorsnefnd dr. Ingrid Lunt prófessor við menntavísindadeild Oxford háskóla. Andmælendur við vörnina voru dr. Börkur Hansen prófessor við Kennaraháskóla Íslands og dr. Kelly Coate lektor í námi og kennslu á æðri menntastigum við National University of Ireland, Galway, Írlandi.

Guðrún Geirsdóttir er fædd í Reykjavík 22. nóvember 1957. Hún lauk B.A.-prófi í uppeldisfræði við Háskóla Íslands árið 1984 og prófi í kennslufræði til kennsluréttinda sama ár. Guðrún lauk M.Sc.-prófi í námskráfræði og kennslu (Curriculum and Instruction) við Pennsylvanina State Univeristy 1996.

Guðrún kenndi við Gagnfræðaskóla Akraness frá 1977–1979 og við Grundaskóla á Akranesi frá 1985–1996. Hún var ráðin lektor í kennslufræði við Háskóla Íslands 1996 og kennir þar kennslufræði og námskráfræði. Þá hefur Guðrún verið stjórnarformaður Kennslumiðstöðvar Háskóla Íslands frá stofnun hennar 2001 og stýrt þar uppbyggingu kennsluþróunar fyrir háskólakennara.

9. maí kl. 14:00 Doktorsvörn Rúnars Sigþórssonar

Föstudaginn 9. maí varði Rúnar Sigþórsson doktorsritgerð sína í menntunarfræði **Mat í þágu náms eða nám í þágu mats: Samræmd próf, kennsluhugmyndir kennara, kennsla og nám í náttúrufræði og íslensku í fjórum íslenskum grunnskólum.**

Ritgerð Rúnars fjallar um tilviksrannsókn sem beindist að því að kanna hvaða mark samræmd próf í náttúrufræði og íslensku setja á kennslu og nám á mið- og unglíngastigi í fjórum heildstæðum grunnskólum. Einkum var leitast við að greina samhengi Aðalnámskrár grunnskóla og samræmdra prófa við kennsluhugmyndir kennara, tilhögun kennslu, viðfangsefni nemenda og uppskeru þeirra af náminu. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til að samræmd próf setji að mörgu leyti mark á þetta samhengi. Um leið er undirstrikað að prófin séu tæpast beinn áhrifavaldur heldur meðal þess sem mótar og viðheldur ákveðinni kennsluhefð. Í skólunum fjórum einkennist hún af efnisvali og kennslutilhögun sem kennarar töldu að byggja nemendur undir prófin og leiddi til árangurs í þeim. Þessi kennsluhefð virtist leiða til námsmenningar sem einkenndist af takmörkuðum námsáhuga nemenda og áherslu á einkunnir fremur en nám þar sem ýtt væri undir ígrundun, lausnaleit og djúpan skilning.

Leiðbeinandi var dr. Ingvar Sigurgeirsson prófessor við Kennaraháskóla Íslands. Auk hans sátu í doktorsnefnd dr. Allyson Macdonald prófessor við Kennaraháskóla Íslands og dr. Júlíus Björnsson forstöðumaður Námsmatsstofnunar. Andmælendur við vörnina voru dr. Gerður G. Óskarsdóttir frv. fræðslustjóri í Reykjavík og dr. Sigurlína Davíðsdóttir dósent við Háskóla Íslands.

Rúnar Sigþórsson er fæddur á Egilsstöðum 25. maí 1953. Hann lauk B.Ed.-prófi frá Kennaraháskóla Íslands árið 1978 og framhaldsnámi í skólastjórnun frá sama skóla árið 1994. Árið 1996 lauk hann M.Phil.-prófi í menntunarfræði með áherslu á skólaþróun frá Háskólanum í Cambridge í Englandi.

Rúnar hóf störf sem grunnskólakennari árið 1978 og kenndi í Hrafnagilsskóla og við Alþýðuskólann á Eiðum þar til hann tók við skólastjórn Grunnskólans á Eiðum árið 1990. Hann var aðstoðarskólastjóri í Hafralækjarskóla 1995–1996 og starfaði sem kennsluráðgjafi við Skólaþjónustu Eyþings árin 1996–1999. Hann var ráðinn lektor við kennaradeild Háskólans á Akureyri árið 2000 og dósent frá 2004.